



Lagt fyrir 419. fund velferðarráðs 19. janúar 2022
VEL2022010013
RÁ/bm

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Stöðumat á innleiðingu aðgerðaáætlunar um velferðartækni fyrir árin 2020 og 2021*

Forsaga:

Stefna Reykjavíkurborgar í velferðartækni var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 6. mars 2018. Aðgerðaráætlun til eins árs var samþykkt með stefnunni og stöðumat á henni lagt fram á fundi velferðarráðs til kynningar þann 20. febrúar 2019. Ný aðgerðaáætlun fyrir árin 2020-2021 var gerð í kjölfarið. Hér verður farið yfir þær aðgerðir sem hafa komið til framkvæmdar og/eða aðgerðir þar sem framkvæmd stendur yfir. Gerð er grein fyrir hver staða þeirra er í janúar 2022.

Greinargerð:

Tilgangur Velferðartæknismiðju er að prófa og innleiða nýja velferðartækni með skilvirkum hætti. Markmiðum aðgerðaáætlunar 2020-2021 er skipt upp í þrjú undirmarkmið;

- 1) áframhaldandi uppbygging á starfsemi Velferðartæknismiðju,
- 2) prófanir og innleiðing velferðartæknilausna í þjónustu og
- 3) kynningar/fræðsluefni og árangursmat.

Hvert og eitt meginmarkmið hefur áætlun um aðgerðir sem nánar er gerð grein fyrir í aðgerðaáætlun, sjá fylgiskjal.

1. Áframhaldandi uppbygging á starfsemi Velferðartæknismiðju

1.1 Rafræn upplýsinga- og þjónustuveita

Aðgerðir til að auka aðgengi að upplýsingum og verkefnum Velferðartæknismiðju og tryggja skilvirka tæknilega ferla.

Staðan í janúar 2022

Hugmyndir frá starfsfólki koma í samtölum og eru sendar á netfang Velferðartæknismiðju. Hægt er að sækja rafrænt um skjáheimsóknir gegnum rafræna

gátt á innri vef. Nýr ytri vefur Reykjavíkurborgar er ekki kominn í notkun, en búið er að tryggja að Velferðartæknismiðja hafi sér svæði þar inni og efni tilbúið til að birta á vefnum. Ekki talin ástæða til að svo stöddu að taka inn ný verkefni sem eru í þróun hjá frumkvöðlum. Verkferlar tækni og kerfis hafa verið skilgreindir og eru í áframhaldandi þróun hjá Velferðartæknismiðju og upplýsingatæknideild Reykjavíkur (UTR).

Komið til framkvæmdar

1.2 Húsnæði Velferðartæknismiðju

Aðgerðir til að Velferðartæknismiðja sé staðsett í viðeigandi húsnæði sem styður við starfsemi smiðjunnar.

Staðan í janúar 2022

Starfsemin flutti í Hraunbæ 115 í janúar 2020. Tvær fullbúnar starfstöðvar skjávers eru staðsettar þar. Hönnun rýmis verið þróuð til þess að tryggja öryggi samtala í samræmi við lög um vernd persónuupplýsinga.

Framkvæmd lokið

1.3 Þátttaka í tækniþróun og uppbyggingu tækniinnviða velferðarsviðs

Aðgerðir til að hámarka líkur á árangursríkum prófunum og að starfsemi Velferðartæknismiðju sé í samræmi við stafræna þróun borgarinnar og reynslu annarra hagsmunaaðila.

Staðan í janúar 2022

Verkefnastjórar Velferðartæknismiðju hafa verið ráðgefandi í ýmsum verkefnum velferðarsviðs, t.d. í tengslum við mat á áhrifum persónuverndar, verklagsreglur við notkun á Webex, innleiðingu Smásögu í heimahjúkrun og verklagi varðandi þróun heilbrigðisþjónustu, m.a. í samtali við Embætti landlæknis. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi verkefnastjóra Velferðartæknismiðju í starfshóp á vegum Nordic Welfare Center.

1.4 Mannauður og verkefnastjórnun

Aðgerðir til að starfsumhverfi Velferðartæknismiðju einkennist af faglegri þekkingu sem leiðir til innleiðingar á árangursríkum tæknilausnum og verkferlum.

Staðan í janúar 2022

Verkefnastjórar eru þrír með fjölbreyttan bakgrunn; viðskiptafræðingur með bakgrunn í hönnun, nýsköpun og upplýsingafræði, hjúkrunarfræðingur með bakgrunn í nýsköpun og hjúkrunarfræðingur með reynslu úr heimahjúkrun og tölvunarfræði. Í skjáveri starfar sjúkraliði með mikla fagreynslu. Til staðar er verklag sem tryggir að starfsfólk heimaþjónustu hafi svigrúm til þátttöku í prófunum og innleiðingu. Flokkstjóri sérverkefna í heimaþjónustu starfar hjá Velferðartæknismiðju til að tryggja þekkingaryfirfærslu og að verklag festist í sessi.

Komið til framkvæmdar

2. Prófanir tæknilausna og innleiðing velferðartæknilausna í þjónustu velferðarsviðs

2.1 Heimaþjónustukerfi

Aðgerðir til að innleiða öflugt upplýsingakerfi fyrir heimaþjónustu.

Staðan í janúar 2022

Verkefninu er lokið af hálfu Velferðartæknismiðju þ.e. lokið hefur verið við þarfagreiningu og drög að útboðslýsingu. Gögnum hefur verið komið til verkefnastjóra sem vinnur að innkaupum á kerfinu.

Framkvæmd lokið/stendur yfir

2.2 Skjáheimsóknir

Aðgerðir til að halda áfram með þróun skjáheimsókna í heimaþjónustu, m.a. með árangursmælingum, með því að tryggja að örugg tæknilausn verði innleidd og að skilvirkt verklag festist í sessi.

Staðan í janúar 2022

Skýrir verkferlar eru til staðar varðandi tækni UTR og þjónustu. Verklag skjáheimsókna hefur verið skjalfest í gæðahandbók heimahjúkrunar. Áframhaldandi vinna stendur yfir til að tryggja að verklag festist í sessi. Öll stærri tæknileg vandamál skjáheimsókna hafa verið leyst. Unnið er að verk- og tækniþróun til að uppfylla kröfur Embættis landlæknis fyrir hugbúnaðarlausn til skjáheimsókna. Samþykki hefur ekki fengist á grundvelli auðkennismála. Málið er nú í skoðun hjá Embætti landlæknis. Árangursmat frá okt. 2021 sýnir að notendur eru ánægðir með þjónustuna, upplifa skjáheimsóknir ekki síðri en hefbundnar vitjanir og upplifa aukið öryggi með skjáheimsóknum. Aukið svigrúm skapast í heimaþjónustu með skjáheimsóknum, sem koma annað hvort í staðinn fyrir hefðbundnar vitjanir eða eru veittar samhliða. Undirbúningur fyrir sveigjanlegri opnunartíma skjávers stendur yfir m.a. er ráðning fleiri starfsmanna í ferli.

Framkvæmd stendur yfir

2.3 Rafrænt upplýsingakerfi í íbúðakjörnum

Aðgerðir til að innleiða upplýsingtæknilausn á íbúðarkjörnum borgarinnar.

Staðan í janúar 2022

Prófunum á Memaxi í íbúðarkjörnum lauk árið 2020. Þær sýndu fram á mikla þörf á upplýsingakerfi. Niðurstöðum hefur verið komið til verkefnastjóra sem vinnur að innkaupum á kerfinu.

Framkvæmd lokið/stendur yfir

2.4 Prófanir ýmiskonar tæknilausna

Aðgerðir til að tryggja að niðurstöður prófana séu aðgengilegar hagnaðaðilum, að þjónustuna sé efla með velferðartækni og að prófanir séu skilvirkar og líklegar til árangurs.

Staðan í janúar 2022

Niðurstöður fimm eldri prófana hafa verið settar í kynningarform sem verður m.a. aðgengilegt á nýrri heimasíðu Reykjavíkurborgar. Velferðartæknismiðjan er með ákveðnar forsendur fyrir vali á nýjum verkefnum þ.e. búnað sem eykur skilvirkni og

sveigjanleika í þjónustu og styður jafnframt við sjálfstæða búsetu, öryggi og lífsgæði íbúa.

Sjálfvirkir lyfjaskammtarar: Samningur undirritaður við Icepharma ehf. í sept. 2021 um prófanir á 25 lyfjaskömmturum (Evondos) í 10 mánuði. Í jan. 2022 eru 14 lyfjaskammtarar í virkri notkun. Fyrstu niðurstöður benda til þess að notkun tækninnar auki skilvirkni í og dreifi álagi á heimaþjónustu. Áætlaður rekstrarkostnaður sýnir fjárhagslegan ávinning lyfjaskammtara. Embætti landlæknis hefur veitt heimild til að nota tæknina í heimahjúkrun.

Ljós og tækni: Skynörvunarljós er í notkun í hvíldarherbergi á dagdvöl heilabílaðra á Vitargi og hefur reynst vel. Niðurstöður verða settar í kynningarform. Upplýsingaskjár var settur upp í stað upplýsingatöflu. Skjárinn hefur ryenst ágætlega, en ekki nægilega mikil reynsla komin á notkun hans.

Heilsuefling aldraða í gegnum skjáheimsóknir: Haustið 2021 kom til starfa á velferðarsviði yfirsjúkraþjálfari til að vinna á sviði samþættingar heimasjúkraþjálfunar og heimaþjónustu. Greiningarvinna stendur yfir, m.a. með tilliti til nýtingar á velferðartækni.

Framkvæmd stendur yfir

3. Kynningar/fræðsluefni og árangursmat

3.1 Kynningaráætlun

Aðgerðir með það að markmiði að tryggja faglegt kynningarstarf og upplýsingaflæði.

Staðan í janúar 2022

Kynningaráætlun er gerð fyrir hvert verkefni. Áætlanir eru byggðar þannig upp að í upphafi prófana er áhersla á innri kynningar, framvinda prófana t.d. kynnt á Workplace síðu og upplýsingum miðlað til starfsfólks. Þegar aukin reynsla er komin á verkefni er lögð meiri áhersla á kynningarefni sem er dreift á innri og ytri miðlum. Fjögur myndbönd hafa verið gerð fyrir skjáheimsóknir sem eru birt jafnt og þétt á samfélagsmiðlum og vefsíðu Reykjavíkurborgar. Upplýsingar um verkefni er komið á framfæri í fjölmiðlum eftir því sem við á.

Komið til framkvæmdar

3.2 Efling tæknilæsis eldra fólks

Aðgerðir til að efla tækniþekkingu eldra fólks.

Staðan í janúar 2022

Sumarið 2021 var boðið var upp á spjaldtölvunámskeið og opna tíma með einstaklings aðstoð og eftirfylgni, ásamt afþreyingu t.d. með sýndarveruleika. Haldin voru 26 námskeið fyrir 166 manns og 363 mættu í opnu tímana. Árangurskönnun sýndi fram á almenna ánægju með kennsluna og þátttakendur töldu sig öruggari að nota tæknina.

Í nóvember 2021 voru ráðnir fimm starfsmenn til að hafa daglega umsjón með kennslu og þróun kennsluefnis. Fjögur námskeið voru haldin í nóvember til desember 2021.

YouTube rás Tæknilæsis var sett í loftið með kennslumyndböndum. Dagskrá hefur verið sett upp í félagsmiðstöðvum til maí 2022.

Framkvæmd stendur yfir

3.3 Árangursmat

Aðgerðir til að tryggja skilvirkt verklag við prófanir og að niðurstöður og ákvarðanir um innleiðingu velferðartækni byggja á áreiðanlegum árangursmælingum.

Staðan í janúar 2022

Skrifstofa rannsókna og gæða kemur að öllum stærri prófunum Velferðartæknismiðju, árangursvísar eru skilgreindir og áætlanir gerðar varðandi árangursmat. Ekki eru öll verkefni formlega árangursmetin á 6 mánaða fresti, t.d. þegar ekki hefur nægilega mikil reynsla áunnist eða árangursmat verið framkvæmt jafnóðum. Haldið er utan um þróun allra verkþátta prófana, með atvikaskráningu, greiningu, eftirfylgni og aðgerðum. Árangursmat skjáheimsókna framkvæmt í nóvember 2020 og október 2021. Velferðartæknismiðja hefur skilað inn ársfjórðungslegu árangursmati græna plansins.

Framkvæmd stendur yfir

Hjálagt: Aðgerðaáætlun Velferðartæknismiðju árið 2020-2021